

MENNINGARLEGUR MISMUNUR OG MARGBREYTILEIKI



JAFNRÉTTISNEFND HÁSKÓLA ÍSLANDS
2004

Formáli

Ágætu nemendur í Háskóla Íslands

Hér birtist yfirlit yfir námskeið er varða fjölmenningu og jafnrétti í Háskóla Íslands. Með útgáfu þessa bæklinga vill jafnréttisnefnd vekja athygli á yfirgripsmikilli þekkingu á jafnréttismálum sem er innanborðs í Háskóla Íslands. Þetta yfirlit er ekki algjörlega tæmandi en reynt er að dekkja sem flest svið í jafnréttishugsun samtímans. Mikilvægt er að nemendur átti sig á því að í sum námskeiðin þarf að uppfylla forkröfur eða tiltekinn einingafjölda. Nánari upplýsingar um það er að finna í kennsluskrá.

Í upphafi er gefið yfirlit yfir námskeið sem kennd eru á grunnstigi. Að því loknu er gefið yfirlit yfir námskeið sem taka má á lokastigum grunnnámsins og/eða eingöngu í framhaldsnámi og að lokum er getið um námskeið sem eingöngu eru kennd í meistara- eða doktorsnámi.

Fyrir hönd jafnréttisnefndar:

Berglind Rós Magnúsdóttir
Starfandi jafnréttisfulltrúi

Inngangur

Kynjamyndir og kyngervi, hnattvæðing og hinseginlíf, guðfræði, klám, jafnrétti og hjólastólar. Hvað er merkilegt við þetta?

Jú, allt er þetta efni sem fjallað er um í námskeiðum um margbreytileika og mismun í Háskóla Íslands á næsta skólaári. Og fleira til er fjallað um: alþjóðastjórnsmál, stríðsátök, karlmennsku og líkamleik, finnlandssænskar kvennabókmenntir, hlutina og efnismenningu heimilanna svo eitthvað sé nefnt.

Í Háskóla Íslands eru kynstrin öll af námskeiðum sem snerta fjölmenningu, jafnrétti og kynjafræði. Sum þeirra tengjast námsbraut í kynjafræðum, sem er 30 eininga aukagrein innan Háskólans, önnur eru skyldu- eða valnámskeið innan hinna ýmsu deilda og skora. Þótt Háskóli Íslands sé ekki stór skóli á erlendan mælikvarða hefur hann svarað kalli tímans um að endurspeglar margmenningu og fjölbreytileika samtímans. Margmenningin fjallar um samskipti í víðasta skilningi, milli kynja, fólks af ólíkum litarhætti, þjóða og þjóðarbrotu, hún fjallar um samskipti menningarheima, heimsálfa, tímaskeiða, hún fjallar um átök en einnig friðsamlega sambúð. Nám á þessu sviði víkkar sjóndeildarhringinn og gerir okkur næmari fyrir margbreytileika og mismun. Í þessum bæklingi er að finna það helsta sem við höfum upp á að bjóða á komandi skólaári. Vonandi finnur þú eitthvað við þitt hæfi. Vertu velkomin/n í námskeiðin okkar!

Þorgerður Einarsdóttir
Lektor í kynjafræðum

Námskeið kennd í grunnnámi

01.04.01 Guðfræði Gamla testamentisins 2e / [ECTS:4] Haust

Megináhersla námskeiðsins verður á nálgun kvennagagnrýni, frelsunarguðfræði og svartrar guðfræði að Gamla testamentinu. Hugað verður að málfarinu og myndmálinu og fjallað um mikilvæg stef, eins og t.d.nýsköpun heimsins, syndafallið og brottförina frá Egyptalandi (exodus). Þá verða skoðaðir valdir kaflar úr Gamla testamentinu sem fjalla um ofbeldi og þjáningu.

01.14.09 Stef í Guðfræði Nýja testamentisins Samband trúarlegra texta og siðfræði frá sjónarhóli minnihlutahópa 3e / [ECTS:6] Vor

Vakin er athygli á ítrekun deildarfundar á gildandi reglum um forkröfur fyrir þátttöku í þessu námskeiði. Í þessu námskeiði verður farið í valin stef sem dæmigerð mega kallast fyrir ýmsa minnihlutahópa eins og samkynhneigða. Þá verður fjallað sérstaklega um samband trúarlegra texta og siðfræði einkum út frá hugmyndum um kennivald trúarlegra texta annars vegar og hugmyndum um sið og trú hins vegar.

01.31.03 Kristin siðfræði og kvennagagnrýnin 4e / [ECTS:8] Vor

Fjallað verður um þá gagnrýni sem konur hafa sett fram á kristna siðfræði og karlmiðlægar kenningar hennar.

01.71.49 Frjálst nám í Nt.:Samband trúarlegra texta og siðfræði frá sjónarhóli minnihlutahópa 2e / [ECTS:4] Vor

Vakin er athygli á ítrekun deildarfundar á gildandi reglum um forkröfur fyrir þátttöku í þessu námskeiði. Í þessu námskeiði verður farið í valin stef sem dæmigerð mega kallast fyrir ýmsa minnihlutahópa eins og samkynhneigða. Þá verður fjallað sérstaklega um samband trúarlegra texta og siðfræði einkum út frá hugmyndum um kennivald trúarlegra texta annars vegar og hugmyndum um sið og trú hins vegar.

05.00.41 Bókmenntir minnihlutahópa 5e / [ECTS:10] Haust

Í námskeiðinu verður einkum fjallað um bókmenntir innflytjenda úr ólíkum heimshornum. Sérstaklega verða kannaðar sjálfsævisögur og endurminningar innflytjenda frá ýmsum löndum og á ýmsum tímum. Markmiðið er að kanna menningarlega orðræðu, sögulega þróun, byggingu, og bókmenntategundir. Þá verður litið á mismunandi hugmyndir um sjálfið, stöðu minnihluta gagnvart fjöldanum og áherslu á landslagslýsingar, borg og náttúru. Þá verður athyglinni beint að endurteknum þemum í textunum á borð við hugmyndir um fyrirheitna landið, um átök gamla og nýja heimsins og hlutverk tungumáls í myndun sjálfsmýndar og aðlögun að nýjum háttum. Lesnir verða frumtextar og fræðigreinar um þessi efni.

05.03.01 Menningarfræði samtímans 5e / [ECTS:10] Haust

Í þessu námskeiði verða kynntar helstu fræðistefnur í menningarfræði eins og hún er stunduð um þessar mundir í Evrópu og Bandaríkjunum. Sérstök áhersla verður lögð á viðleitni menningarfræðinga til þess að rannsaka "samtímann" hverju sinni, einkum þar sem þverfagleg starfsemi þeirra hefur oft verið skilgreind sem "virk" og tilgangur hennar að hafa bein áhrif. Því verður sjónum beint að rannsóknum á afþreyingarmenningu, framleiðslu, viðtölum og tækninni sem er beitt er við og mótar alla miðlun.

05.10.03 Menning og saga heyrnarlausra 5e / [ECTS:10] Haust

Fjallað um menningu og sögu heyrnarlausra og menntunar þeirra á Íslandi og erlendis. Litið verður á minnihlutahópa, ýmiss konar kúgun og ólíka menningarheima og samfélög. Rannsakað verður hvort finna má samsvaranir við samfélag heyrnarlausra á ýmsum tímum. Reynt verður að fá nokkra gestafyrirlsara úr samfélagi heyrnarlausra á Íslandi. Mætingaskylda er 80% og er forsenda próftökuréttar. Þátttaka í umræðum er hluti af námsmati.

05.10.06 Félagsleg staða táknmáls 5e / [ECTS:10] Vor

Fyrst verður fjallað almennt um aðferðir og kenningar félagslegra málvísinda en síðan verður nánd táknmálsins og táknmálssamfélagsins við íslenska málsamfélagið skoðuð í ljósi þeirra. Litið verður á ýmis atriði félagslegra málvísinda innan táknmálssrannsókna, eins og tvítyngi, málsnið, viðhorf, snertimál, listrænt táknmál o.fl.

05.40.52 Goðsögur, hetjur og dulúð 5e / [ECTS:10] Haust

Í námskeiðinu verður fjallað um þau eddukvæði og dróttkvæði sem segja frá heiðnum goðum og hetjum fornaldar. Rætt verður um goðafræði og heimsmynd heiðninnar, germönsk hetjukvæði og dulúð fornaldar, og um leyndardóma dróttkvæðs skáldskapar. Spurt verður um heimildagildi kvæðanna, varðveislur þeirra í munnlegri geymd og ritun þeirra á miðöldum.

05.40.53 Ástarbókmenntir miðalda 5e / [ECTS:10] Haust

Lesnar verða riddara- og fornaldarsögur, og áhersla lögð á að kanna ólíkar frásagnir af ástum karla og kvenna. Hvað er ólíkt með ástarsögum úr suðri og norðri? Leitað verða fyrirmynda í evrópskum miðaldabókmenntum, auk þess sem skoðaðar verða hliðstæður í hetjukvæðum Eddu.

05.63.09 Kynjafornlifafræði 3e / [ECTS:6] Vor

Yfirlitsnámskeið um kynjafornlifafræði (Archaeology of Gender) þar sem farið verður yfir sögu og þróun greinarinnar, sem og áherslur og helstu skilgreiningar innan hennar. Kyngevishugtakið ("gender") er sífellt að víkka og teygir sig því til rannsókna á konum, körlum, jafnt sem börnum eða á ákveðnum þjóðfélagshópum sem aðgreina sig ekki sérstaklega frá öðrum gegnum kyngevni. Tekin verða dæmi frá fornleifarannsóknum sem byggja á kenningum og aðferðum kynjafornlifafræðinnar og kynntir verða þeir möguleikar sem hún getur boðið upp á hérlendis við fornleifarannsóknir.

05.70.20 Ingmar Bergman - uppreisn gegn föðurímmynd 2,5e / [ECTS:5]

Haust

Í námskeiðinu verður fjallað um kvikmyndir Ingmars Bergman, fyrst og fremst fyrstu kvikmyndir frá tímabilinu 1950-60, þar sem uppreisn gegn föðurvaldinu myndar eins konar sálrænan kjarna. Áhersla verður lögð á þróun þemans um þörf hins trúaða manns fyrir einhvers konar tákni frá Guði í Sjunde ineglet (1956) til þess að hann samþykki að trú á hinn grimma Guð í Jungfrukállan (1960) og áfram til uppgjörs við hina neikvæðu guðsmynd í Sásom i spegel (1961), Nattvardsgästerna (1962) og Tystnaden (1963). Sýndar verða sex myndir sem heild og haldnir stuttir fyrirlestrar með umræðum.

05.99.40 Siðfræði náttúrunnar 3e / [ECTS:6] Haust

Fjallað verður um mismunandi viðhorf siðfræðinnar til náttúrunnar, s.s. mannhverf viðhorf, dýrhverf viðhorf, lífhverf viðhorf, visthverf viðhorf og kvenlæg viðhorf. Þá verða íslensk viðhorf til náttúrunnar sérstaklega tekin fyrir.

10.02.37 Öldrunarsálfræði 3e / [ECTS:6] Vor

Fjallað verður um líkamlegar, hugrænar, félagslegar og sálrænar breytingar sem eiga sér stað við öldrun. Þessar breytingar verða bæði skoðaðar í ljósi eðlilegrar öldrunar og heilabilunar. Rætt verður sérstaklega um eðli Alzheimer sjúkdómsins og áhrif hans á sjúkling og aðstandendur. Einnig verður fjallað um geðræna kvilla hjá eldra fólki og helstu meðferðarleidir kynntar.

10.02.56 Sálfræði kynjamunar 3e / [ECTS:6] Vor

Námskeiðið er opið áhugasömum stúdentum utan sálfræðiskorar. Rannsóknir á kynjamun og áhrifum kynferðis á hin ýmsu svið mannlegrar reynslu. Meðal annars verður fjallað um rannsóknir á sjálfsmynd, sjálfsmati, líffræðilegum kynjamun, tjáskiptum, geðheilsu og starfsárangri. Nemendum verða kynnt helstu hugtök, kenningar og forsendur þessara rannsókna og þær ræddar á gagnrýninn hátt.

10.04.07 Fjölbreytileiki og félagsleg mismunun 4e / [ECTS:8] Haust

Tekin verða fyrir ýmis knýjandi úrlausnarefni nútímans og þau skoðuð í ljósi félagsfræðilegra rannsókna og kenninga. Þessi málefni varða stöðu mismunandi þjóðfélagshópa, margmenningu, kynferði, fátækt, heilsufar, vinnuvistfræði, umhverfismál o.fl. Áhersla verður lögð á samfélagsleg viðbrögð og pólitíska stefnumótun í hinum ýmsu málaflokkum. Nemendur vinna verkefni sem hefur að markmiði að þeir öðlist þekkingu á fjölbreytileika íslensks þjóðfélags og félagslegri mismunun og tengi þá þekkingu við fræðilega umfjöllun námskeiðsins.

10.04.52 Áhrif kláms og ofbeldis í myndmiðlum 5e / [ECTS:10] Haust

Aðalmarkmið þessa námskeiðs er að nemendur geti vegið og metið á fræðilegan hátt þau áhrif, ef einhver eru, sem klám og ofbeldi í sjónvarpi og kvikmyndum hefur á áhorfendur. Fjallað er m.a. um hvaða áhrif klám hefur á viðhorf karlmannna til kvenna og ofbeldi gegn konum. Þá verður einnig litið á

rannsóknir á hræðsluviðbrögðum barna við ofbeldi í sjónvarpi, litið á sambandið milli áhorfs á klám og ofbeldi og árásarhneigðar og reynt að svara þeirri spurningu hvort áhrif ofbeldis séu takmörkuð við ákveðinn hóp áhorfenda og hvaða áhrif klám- og ofbeldisefni hafi á þjóðfélagið í heild.

10.15.01 Inngangur að kynjafræðum 5e / [ECTS:10] Haust

Í námskeiðinu er beitt þverfaglegu femínísku sjónarhorni til að gefa yfirlit yfir stöðu kvenna í mismunandi samfélögum og menningum, með áherslu á þann fjölbreytileika sem er að finna í lífi kvenna. Fjallað verður um upphaf og þróun kvennabaráttu og kynjafræða og þær ólíku nálganir sem feministar beita í fræðistörfum sínum. Kynnt verða helstu viðfangsefni í kynjafræðum og fjallað um þá þróun að hugtökin „kyn“ og „kynferði“ hafa orðið miðlæg hjá mörgum fræðimönnum. Áhersla er á umfjöllun um líf og aðstæður kvenna á Íslandi og kynningu á íslenskum kynjarannsóknum.

10.15.02 Kenningar í kynjafræðum 5e / [ECTS:10] Vor

Í námskeiðinu verður fjallað um helstu kenningar sem fram hafa komið um kynferði og merkingu þess í tungumáli og menningu. Áhersla verður lögð á femínískar og táknfræðilegar kenningar og aðferðir innan hug- og félagsvísinda. Lesin verða valin fræðirit eftir erlenda og innlenda höfunda og nemendur þjálfaðir í að beita fræðilegum aðferðum innan hinna ýmsu greina.

10.15.06 Klám og vændi 3e / [ECTS:6] Haust

Klám og vændi eru fyrirferðamikil deilumál í okkar samtíma. Þar togast á hugmyndir um frelsi og forsjá, kynfrelsi og mannfyrirlitningu. Stjórnvöld í hinum ýmsu löndum heims hafa tekist á við klám og vændi á mismunandi hátt, allt frá banni til lögleiðingar. Fræðimenn takast á um skilgreiningar, merkingu og forsendur þeirra svo sem hvort aðgreina beri eróttík og klám, og hvort hægt sé að aðgreina frjálst og þvingað vændi. Í námskeiðinu er fjallað um klám og vændi frá kynjafræðilegu sjónarmiði og það sett í félagslegt og pólitískt samhengi. Skoðaðar eru birtingarmyndir kláms í samtímamenningu og skoðuð tengsl vændis við mansal og kynlífsþrælkun.

10.15.10 Málstofa í kynjafræðum 3e / [ECTS:6] Haust og vor

Markmið: Að nemendur fái innsýn í þá breidd sem kynjafræðileg viðfangsefni endurspeгла, kynnist nýjum rannsóknum á fræðasviðinu og skilji mikilvægi fræðilegrar umræðu innan kynjafræði. Verkefnið felst í virkri þátttöku í námskeiðinu, sem m.a. felur í sér mætingu í fyrirlestra og á ráðstefnur á vegum Rannsóknastofu í kvennafræðum í eitt misseri.

10.15.12 Karlar og karlmennska 3e / [ECTS:6] Vor

Markmið námskeiðsins er að kynna nemendum helstu áherslur þeirra sem rannsaka karla sem samfélagslegt kyn (gender). Gerð verður grein fyrir þeim þremur megináðferðum sem beitt hefur verið við karlarannsóknir á þessari öld; sálgreiningu, félagssálfræði (kyn"hlutverk") og nýrri þróun í félagsvísindum sem leggur áherslu á "sköpun" eða "byggingu" karlmennsku. Fjallað verður um

mismunandi gerðir karlmennsku og hvernig tilurð þeirra, niðurrif og uppbygging tengist öðrum formgerðum samfélagsins. Þáttur karla í uppeldis- og umönnunarstörfum innan og utan heimilis verður skoðaður og fjallað um íslenska rannsókn um karlmennsku og fjölskyldutengsl.

10.09.26 Lýðræði, femínismi og pólitísk hugmyndasaga 3e / [ECTS:6] Vor
Í inngangi námskeiðsins verður fjallað um pólitíska hugmyndasögu og sýn nokkurra valinna stjórn málaheimspekinga á stöðu og hlutverki kvenna. Rætt verður um samfélagssáttmálann, social contract, sem grundvöll nútíma borgarasamfélags, civil society, og helstu kennismiði hans eða Locke, Rousseau, Hobbes og Mills. Lesin verður gagnrýni femínískra stjórn málafræðinga og heimspekinga á klassískar kenningar stjórn málafræðinnar með sérstakri áherslu á samfélagssáttmálann og lýðræðiskenningar. Í seinni hluta námskeiðsins verða mismunandi stjórn málastefnur, þjóðfélagsgerðir og stjórnarfarabreytingar skoðaðar með hliðsjón af stöðu kvenna þó einkum stjórn skipulag lýðræðis og ríkissósíalisma. Að lokum verður fjallað um alþjóðastjórn máli og konur með sérstakri áherslu á kvennaáratug Sameinuðu þjóðanna og breytingar á stöðu kvenna í kjölfar alþjóðavæðingar viðskiptahátta.

10.09.32 Um rasisma 3e / [ECTS:6] Vor

Námskeiðið fjallar um rasisma og áhrif hans á stjórn máli Evrópu síðustu ára og áratuga. Reynt verður að svara því hvað kynþættir eru og af hvaða orsökum maðurinn greinist í kynþætti. Þá verður fjallað um það hvaða aðferð félagsvísinda sé hentugust til að skýra rasisma. Loks verður litið á innflytjendastrauma, sér í lagi á vesturlöndum, og samfélagsleg áhrif þeirra.

10.06.07 Öldrun og málefni aldraðra 3e / [ECTS:6] Vor

Helstu atriði sem fjallað verður um: Kenningar um öldrun, stefnumörkun og hugmyndafræði, lífsskeiðaþróun og breytingaferli fullorðinsára frá félagslegu, líkamlegu og tilfinningalegu sjónarhorni með áherslu á aðstæður einstaklings og fjölskyldu við öldrun og starfslok, löggjöf og uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða. Gerð verður grein fyrir öldrunarfræðilegum rannsóknum, íslenskum og erlendum. Áhersla er lögð á starfshlutverk félagsráðgjafans og aðferðir við ráðgjöf, stjórnun, fræðslu og forvarnarstarf.

10.06.09 Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum 3e / [ECTS:6] Vor

Í námskeiðinu verður fjallað um kenningar, um orsakir, eðli og umfang ofbeldis og vanrækslu og mismunandi birtingarform í nánnum samskiptum. Þar á meðal ýmsar gerðir vanrækslu, andlegt og líkamlegt ofbeldi, kynferðislega misbeitingu, sífjaspell og nauðganir. Jafnframt verður fjallað um ofbeldi milli systkina, ofbeldi milli foreldra og áhrif þess á börn og ofbeldi gegn öldruðum. Ennfremur verður fjallað um löggjöf, úrræði og forvarnarstarf, vinnuáferðir, viðhorf og viðbrögð fagfólks.

10.06.13 Fjölskyldur og fjölskyldustefna 3e / [ECTS:6] Vor

Markmið námskeiðsins er að kynna helstu hugtök, kenningar og rannsóknaráherslur í fjölskyldufræðum og fjölskyldufélagsfræði. Fjallað verður um fjölskylduna sem stofnun, þróun hennar, gerð, hlutverk og stöðu í samfélaginu frá sögulegu sjónarhorni. Sérstök áhersla verður lögð á umfjöllun um breytingar á stöðu mæðra, fedra og barna annars vegar og tengsl atvinnu og fjölskyldulífs hins vegar. Þá verða kynntar íslenskar rannsóknir og niðurstöður nýjustu samanburðarrannsókna á sviðinu.

10.07.20 Fjölskyldur og ættartengsl 5e / [ECTS:10] Haust

Námskeiðið fjallar um rannsóknir mannfraeðinga á fjölskyldugerðum og ættartengslum. Rætt er um áhrif sífjarannsókna á þróun hugmynda og kenninga í mannfraeði og sjónum sérstaklega beint að nýjum rannsóknum á sviðinu. Tengsl sífjaskipunar við aðra samfélagsþætti eru skoðuð og áhersla lögð á notkun etnógrafískra dæma. Nemendur kynnast rannsóknum sem endurspeglar nýjar áherslur í sífjarannsóknum eins og til dæmis þeim sem fjalla um fjölskyldur samkynhneigðra, ættleiðingar, áhrif gervifrjóvgunar og annarrar nútímatækni á merkingu sem sífjatengslum er gefin og tengsl hugmyndafræði sífja og þjóðernis.

10.07.57 Etnógráfía Afríku 5e / [ECTS:10] Vor

Námskeiðið miðar að því að kynna fyrir nemendum þjóðfélög og sögu Afríku, ásamt því að gera grein fyrir þróun mannfraeðilegra rannsókna í Afríku. Meðal annars verður rætt um þróun rannsókna í Afríku, hugmyndir 19. aldar manna um álfuna og fyrstu mann-fraeðirannsóknir. Þetta verður sett í samhengi við orðræðu um Afríku í dag, tengsl vesturlanda og Afríku. Einnig verða kynntar nokkrar mikilvægar etnógraffur um Afríku og þær settar í sögulegt samhengi.

10.07.52 Etnógráfía Eyjaálfu 5e / [ECTS:10] Haust

Í þessu námskeiði verður fjallað um mannfraeðilegar rannsóknir á ólíkum menningarsvæðum Eyjaálfu. Meðal annars verður fjallað um heimsmyndir fólks og hugmyndir þess um frjósemi og kynhlutverk. Einnig verður fjallað um þær félagslegu og menningarlegu breytingar sem hafa átt sér stað á þessu svæði í kjölfar komu Evrópumanna þangað. Inn í umræðuna verður fléttað niðurstöðum úr vettvangskönnunum á meðal Kvermín fólksins á Nýju Gíneu og Rapanui á Páskaeyju.

10.10.22 Norræn trú 5e / [ECTS:10] Vor

Trúarlíf manna á norðurlöndum er tekið fyrir og skoðaðar heimildir allt frá elstu tímum, eins og grafir, rúnasteinar, hellaristur og aðrar fornminjar, auk lýsinganna um norrænar trúarathafnir sem eru í verkum eftir Tacitus, Adam frá Brimum, Saxo Grammaticus og í fornritum Íslendinga eins og eddukvæðunum og konungasögnum. Auk norrænnar trúar er fjallað um seið og sjamanisma. Órлагatrú er tekin til ítarlegrar umfjöllunar sem meginþáttur í fornkrístrum átrúnaði á Norðurlöndum. Loks er að því vikið hvernig kristindómurinn hefur fallið að norrænum lífsháttum og hugsunarhætti. Námskeiðið er kennt á ensku.

10.10.67 Efnismenning: Hlutirnir, heimilið, líkaminn 5e / [ECTS:10] Vor

Í námskeiðinu verður efnisleg hversdagsmenning tekin til gagnarrar umfjöllunar. Gefið verður yfirlit yfir þetta þverfaglega rannsóknarsvið og rýnt jöfnum höndum í dæmi úr samtímanum og frá fyrri tíð, íslensk og erlend. Meðal annars verður fjallað um föt og tísku, matarhætti, hlutina sem umkringja okkur í daglega lífinu, gjafir og minjagripi, handverk og neyslumeningu, hús og garða, heimilið, söfn og sýningar. Um leið kynnst nemendur ýmsum kenningum og sjónarhornum sem leggja t.a.m. áherslu á mannlíkamann, kyngervi, framsetningu, neyslu og rými og stað.

Námskeið kennd í lok grunnnáms og á meistaraþingi

05.15.24 Breskar bókmenntir á 19. öld 5e / [ECTS:10] Haust

Kennari: Brian Dillon Fulbright-kennari. Á þessu yfirlitsnámskeiði verða lesin leikrit, ljóð, skáldskapur og annað óbundið mál frá langri stjórnatíð Viktoríu drottningar. Námskeiðið mun beina sjónum að ýmsum félagslegum málefnum sem viktoríanskar bókmenntir bregðast við og taka á, svo sem þróun náttúruvísinda og höfnun á aldagömlum trúarskoðunum, forystuhlutverk Bretlands á heimsvísu, og vaxandi hópur lesenda (fjöldi kvenlesenda varð margfalt meiri en nokkru sinni áður í sögu Bretlands). Meðal þeirra höfundna sem teknir verða til umfjöllunar eru Alfred Tennyson, Charlotte Brontë, Christina Rossetti, og Charles Dickens.

10.03.39 Konur og karlar sem leiðtogar og stjórnendur 5e / [ECTS:10] Vor

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur fái aukna innsýn í hlutverk leiðtoga og stjórnenda í skólum, stofnunum og fyrirtækjum. Stefnt er að því að þátttakendur öðlist stjórnunarfærni á þessu sviði og átti sig á áhrifum kynferðis í slíkum störfum. Í námskeiðinu verður fjallað um þá þekkingu, kenningar, samskiptahæfni og viðhorf sem talin eru nauðsynleg fyrir leiðtoga og stjórnendur. Þátttakendur kynnist mismunandi leiðum og öðlist leikni í að virkja og hvetja aðra í starfi og skapa námsumhverfi á vinnustað. Jafnframt verður fjallað um hlutverk stjórnenda og leiðir vinnustaða við að samhæfa störf á vinnumarkaði, fjölskylduábyrgð og ákvæði jafnréttislaganna. Í verkefnum, vettvangsheimsóknnum og samskiptum (networking/mentoring) geta þátttakendur sérhæft sig á sviði stjórnunar í skólum, stofnunum eða fyrirtækjum.

10.53.27 Uppeldi, menntun og kynferði 5e / [ECTS:10] Vor

Markmið námskeiðsins er að namar kynnist hugmyndum og rannsóknum um uppeldi og menntun í ljósi kynjafræðilegra sjónarmiða og hugtaksins kyngervi (gender). Fjallað verður um hvernig hugmyndir og menntun kynjanna hafa þróast sögulega og rýnt í staðreyndir og gagnrýni á menntun og kynferði á öllum skólastigum. Næsta kennsluár verður athyglinni beint sérstaklega að rannsóknum og fræðilegri nálgun þeirra M. Arnot, V. Walkerdine, C. Paechter og T. Gordon um stöðu drengja og stúlkna í skólum og um stöðu uppeldis og menntunar í ljósi breyttrar stöðu kynjanna á tímum hnattvæðingar. Að síðustu verður athyglinni beint að íslenska skólakerfinu, stöðu drengja og stúlkna, leiðtogum og stjórnendum, námskrám og stöðu lögbundinnar jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

Námskeið kennd á meistarastigi

03.04.16 Ofbeldisbrot frá sjónarhóli kvennaréttar 3e / [ECTS:6] **Haust**

Í kjörgreininni verður fjallað um eftirfarandi fjóra brotaflokkar: Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks. Kynferðisbrot gegn börnum. Vændi. Heimilisofbeldi. Gerð verður grein fyrir skilyrðum refsíabyrgðar fyrir brot, sem falla undir þessa brotaflokkar og viðurlögum fyrir þau. Þá verður fjallað um nokkra þætti opinbers réttarfars sem sérstaklega tengjast meðferð þessara brota, t.d. reglur um sönnun og réttarstöðu brotaþola. Sérstök áhersla verður lögð á að nálgast viðfangsefnið út frá þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið í kvennarannsóknnum síðustu ára. Auk þess að fjalla um refsiréttarlega þætti efnisins verður vikið að refsipólítískum viðhorfum, þ.e. á hvern hátt þyrfti að breyta gildandi ákvæðum, svo að þau þjóni betur hagsmunum kvenna.

05.61.43 Stríðsátök, friðarferli og kvngervi 5e / [ECTS:10] **Vor**

Í námskeiðinu verður fjallað um stríðsátök og friðarferli. Áhersla verður lögð á kynjafræðileg sjónarhorn. Fjallað verður um þátttöku í styrjöldum, hlutverk kynja í stríðsáróðri, nauðganir sem pólitískt tæki, "þjóðernishreinsanir," andóf gegn stríði og orðræðu um vígvæðingu og afvopnun. Rætt verður um stríðsglæpi, flóttafólk og ofbeldi út frá nýlegum þverfaglegum kenningum. Aðkoma að alþjóðastofnunum og uppbyggingu eftir stríð, friðarferli, friðargæslu og stríðsglæpadómstólum verða könnuð í ljósi reynslunnar frá Balkanskaga, Afríku, Afganistan og Írak.

10.53.06 Kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræðum 5e / [ECTS:10] **Haust**

Kennt fyrst haust 2004 og síðan annað hvert ár. Í námskeiðinu verður fjallað um sögulega þróun kenninga og hugmynda um fötlun og málefni fatlaðs fólks. Meðal annars verður fjallað um kenningar um eðlilegt líf (normaliseringu) og samfélagsþátttöku fatlaðra (integreringu) og áhrif þessara hugmynda á stefnumótun, þjónustu og daglegt líf fatlaðra. Þá verður fjallað ítarlega um hina nýju fræðigrein fötlunarfræði, rætur hennar, helstu einkenni og tengsl við annað fræðastarf. Rýnt verður í ólík sjónarhorn á fötlun og áhrif ýmissa kenningaskóla á þróun fötlunarfræða ekki síst nýrra fræðastraua (s.s. femínisma og póstmódernisma) og fjalla um nýjar áherslur í fötlunarfræðum, meðal annars breska félagslega líkanið um fötlun. Fræðileg umfjöllun námskeiðsins verður sett í samhengi við baráttuhreyfingar fatlaðra, þróun mannréttinda, alþjóðlega og innlenda stefnumótun, lagasetningar og samfélagslega stöðu fatlaðs fólks.

10.53.28 Fötlun í menningu samtímans 5e / [ECTS:10] **Vor**

Kennt fyrst vor 2005 og síðan annað hvert ár. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist þekkingu á félagslegum aðstæðum fatlaðra í nútíma samfélögum með áherslu íslenskt samfélag. Fjallað verður um félagsleg og menningarleg viðbrögð við fötlðu fólki, meðal annars ímyndir og hlutverk fatlaðra í dægurmenningu, í fjölmiðlum, í almennri orðræðu og innan

þjónustukerfisins. Rýnt verður í fötlun sem einn lið í fjölbreytileika nútíma samfélaga. Líf, aðstæður og reynsla fatlaðs fólks verður miðlæg í umfjöllun námskeiðsins með áherslu á þau meginvið sem snerta daglegt líf þess svo sem fjölskyldulíf, menntun, atvinnu og búsetu. Lesnar verða nýjar íslenskar og erlendar fötlunarrannsóknir og rýnt í nýjungar í þjónustu við fatlað fólk. Áhersla verður á að tengja efni námskeiðsins við fræðilega umfjöllun í námskeiðinu Kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræðum.

10.54.08 Hagnýt jafnréttisfræði: Frelsi jafnrétti bræðralag 5e / [ECTS:10]

Vor

Námskeiðið er hagnýtur undirbúningur fyrir störf í stjórnun, opinberri stjórnsýslu, fræðslu, kennslu, fjölmiðlun og öðrum sérhæfðum störfum. Markmið námskeiðsins er að kynna grundvallaratriði jafnréttisfræða. Fjallað er um sögu og merkingu jafnréttishugtaksins, með sérstakri áherslu á samþættingu jafnréttissjónarmiða (e. gender mainstreaming). Fjallað er um birtingarform kyns og mikilvægi kynjavitundar í samfélagslegri umræðu og stefnumótun. Þá eru kynntar hugmyndir um margbreytileika, fjölmenningu og jafnrétti minnihlutahópa. Í nútímasamfélagi eru gerðar síauknar kröfur um jafnrétti kynja og næmi fyrir mismun. Sífelld fleiri kalla eftir þekkingu í jafnréttismálum, svo sem aðilar vinnumarkaðarins, ríki og sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir. Þá er Ísland aðili að mörgum alþjóðasamþykktum um jafnrétti og í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum kveðið á um jafnréttissjónarmið séu höfð í huga við alla áætlanagerð, stefnumótun og ákvarðanatöku. Slík samþætting krefst þekkingar á jafnréttismálum og gera jafnréttislög ráð fyrir jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum.

03.15.24 European Human Rights Law 3e / [ECTS:6] Haust

The objective of the course is the study of human rights in Europe, the constitutional traditions of human rights and a comparison of the European system with international systems for the protection of human rights. An overview will be presented of the activities of the Council of Europe in the field of human rights, the European Social Charter and the European Convention on Human Rights. The course will mainly focus on the latter, the rights and freedoms protected by the Convention and its protocols. It will also cover the handling of cases before the European Court of Human Rights, study the Court's case law and the enforcement of its judgments.

03.15.28 EU Directives on Data Protection and Individual Rights in Health Sector Research 3e / [ECTS:6] Vor

Students are expected to gain thorough understanding of the main principles of data protection under the EU Directives on data protection. Having gained such understanding, the aim of the course is to examine how the EU and EFTA Member States have incorporated the EU Directives into their national legislation and then proceed to study if different approaches and legal techniques could lead to difficulties in ensuring unified interpretation of the

substantive rules of the EU Directives in the European Economic Area (EEA). This is of paramount importance as the data processing industry is international by nature and data freely flows between countries within the EEA and to other countries around the world. Students should further obtain practical understanding of the importance of applying pertinent jurisdiction and substantive legal rules to the data processing of controllers and processors. Finally the course deals with how individual rights in health sector research are protected in Iceland.



HÁSKÓLI ÍSLANDS